



28. febrúar 2018

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á fjórða ársfjórðungi og árinu 2017:

Nýtt og enn öflugra sameinað fyrirtæki lítur dagsins ljós

Ársreikningur Fjarskipta hf. fyrir rekstrarárið 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2018. Endurskoðendur félagsins hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar þann 22. mars nk.

Fjarskipti hf. gekk frá kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. þann 1. desember 2017, ársreikningurinn innifelur einn mánuð af sameinuðum rekstri og efnahagi. Hér að neðan eru helstu tölur, leiðrétt afkoma er með tilliti til einskiptiskostnaðar sem féll til í tengslum við kaupin. Einskiptiskostnaðurinn er samsettur af þóknun til fyrirtækja-, lögfræði- og fjármálaráðgjafa og annarra umsamdra þátta sem skapa kostnað sem var samofin undirbúningi viðskiptanna og leystist úr læðingi við þau:

- Tekjur á fjórða ársfjórðungi námu 4.304 m.kr. sem er hækkun um 25% á milli ára.
- Heildartekjur á árinu námu 14.268 m.kr., sem er 4% hækkun á milli ára.
- EBITDA hagnaður nam 803 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkar um 16% á milli tímabila. Leiðréttur EBITDA hagnaður sbr. ofangreint nam 961 m.kr. sem er 33% hækkun milli ára.
- EBITDA hagnaður ársins nam 3.137 m.kr. sem er 3% hækkun á milli ára. Leiðréttur EBITDA hagnaður ársins nam 3.338 m.kr. sem er 9% hækkun á milli ára.
- Hagnaður á ársfjórðungnum nam 356 m.kr. sem er 110% hækkun á milli tímabila. Hagnaður leiðréttur fyrir einskiptisliðum nam 482 m.kr. sem er 150% hækkun milli ára.
- Hagnaður ársins nam 1.086 m.kr. sem er 8% aukning milli ára. Leiðréttur hagnaður ársins nam 1.247 m.kr. sem er 21% hækkun frá fyrra ári.
- Hagnaður á hlut var 4,10. Leiðréttur fyrir einskiptisliðum var hagnaður á hlut 4,70.
- Rekstrarfjárfestingar samstæðunnar námu 1.664 m.kr. sem er 8% hækkun á milli ára og tengdist hækkunin milli ára einkum flutningi í nýjar höfuðstöðvar.
- EBITDA horfur fyrir árið 2018 eru áætlaðar á bilinu 4.000-4.400 m.kr. og fjárfestingarhlutfall milli 8-10%.
- Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2017.

Tafla 1: Lykiltöluyfirlit 4F og 4F leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði 2017 og 2016:

					Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði				
	4F 2017	4F 2016	Breyt.	% breyt.	4F 2017	4F 2016	Breyt.	% breyt.	
Seldar vörur og þjónusta	4.304	3.450	854	25%	4.304	3.450	854	25%	
Kostnaðarverð	2.370	1.930	440	23%	2.370	1.930	440	23%	
Framlegð	1.934	1.520	414	27%	1.934	1.520	414	27%	
Rekstrarkostnaður	1.560	1.193	367	31%	1.402	1.164	238	20%	
EBITDA	803	694	109	16%	961	723	238	33%	
EBIT	374	327	46	14%	532	356	176	50%	
Hrein fjármagnsgjöld	109	90	19	21%	109	90	19	21%	
Hagnaður tímabilsins	356	170	186	110%	482	193	289	150%	
<hr/>									
Framlegð (%)	44,9%	44,1%			44,9%	44,1%			
EBITDA %	18,7%	20,1%			22,3%	21,0%			
EBIT %	8,7%	9,5%			12,4%	10,3%			

Tafla 2: Lykiltöluyfirlit 2017 og 2017 leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði 2017 og 2016:

					Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði				
	2017	2016	Breyt.	% breyt.	2017	2016	Breyt.	% breyt.	
Seldar vörur og þjónusta	14.268	13.655	613	4%	14.268	13.655	613	4%	
Kostnaðarverð	7.829	7.332	497	7%	7.829	7.332	497	7%	
Framlegð	6.439	6.323	116	2%	6.439	6.323	116	2%	
Rekstrarkostnaður	4.889	4.691	198	4%	4.688	4.658	30	1%	
EBITDA	3.137	3.040	97	3%	3.338	3.073	265	9%	
EBIT	1.550	1.632	-82	-5%	1.751	1.665	86	5%	
Hrein fjármagnsgjöld	374	352	22	6%	374	352	22	6%	
Hagnaður tímabilsins	1.086	1.007	79	8%	1.247	1.034	213	21%	
<hr/>									
Framlegð (%)	45,1%	46,3%			45,1%	46,3%			
EBITDA %	22,0%	22,3%			23,4%	22,5%			



EBIT %

10,9%

12,0%

12,3%

12,2%

Stefán Sigurðsson, forstjóri:


„Það var mjög ánægjulegt að enda árið 2017 á að sameina tvær öflugar einingar í eina. Þó aðeins sé um einn mánuð af sameiginlegum rekstri að ræða má glögg sjá sterk jákvæð áhrif sem munu halda áfram að skila sér af meiri krafti næstu fjórðunga og ár. Þrátt fyrir mikið álag og vinnu innan fyrirtækisins síðustu mánuði hefur allt gengið að óskum og eftir þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupnum.

Annar stór áfangi var á árinu þegar félagið flutti í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 8. Verkefnið hefur gengið mjög vel og ljóst að nýtt skipulag hefur til dæmis ýmis tækifæri fyrir nýtt og sameinað fyrirtæki. Stefnt er að sameiningu alls fyrirtækisins að Suðurlandsbraut á árinu 2018. Þangað mun mikilvæg og leiðandi fjölmiðlastarfsemi á borð við Stöð 2, Bylgjuna og Vísi meðal annars flytjast og starfsfólk fær frábæra vinnuáðstöðu. Um er að ræða nýtt upphaf nýs fyrirtækis í nýju skipulagi sem ég trúir að muni skila öllum haghöfum, viðskiptavinum, starfsmönnum og eigendum, miklum ávinningi.


Fyrir utan mikla vinnu sem tengdist kaupum og sameiningu þá hafði reglugerð Evrópusambandsins um afnám reikigjalda talsverð áhrif á farsímatekjur, ekki síst seinni hluta ársins. Hjá Vodafone var áhersla lögð á að breytingin skilaði gæða þjónustuupplifun til viðskiptavina sem tókst vel. Reksturinn í Færeyjum er einnig farinn að sýna skýran viðsnúning eins og stefnt hefur verið að og áætlanir gera ráð fyrir vaxandi rekstrarhagnaði árið 2018.

Fréttir síðustu daga endurspeglar að fleiri tækifæri eru til þróunar í rekstri félagsins samanber tilkynningu um byggingu gagnavers á Korputorgi sem tilkynnt var nýverið um í samstarfi við RB, Opin kerfi og Korputorg. Við höfum mikla trú á tækifærum Íslands til að taka þátt í þessum ört vaxandi geira á heimsvísu og viljum stuðla að umhverfisvænum og öruggum íslenskum hágæðakosti fyrir innlenda og erlenda aðila. Við teljum að við getum í þessu sambandi bæði veitt núverandi viðskiptavinum okkar á fyrirtækjahliðinni aukna þjónustu auk þess að nýta alþjóðleg tengsl okkar til að sækja nýja viðskiptavini erlendis.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2013 :



Mynd 2: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2013 – leiðrétt fyrir einskiptikostnaði 2017 og 2016:



Tafla 3: Tekjuþróun 4F - með og án hins keypta:

	4F				4F án hins keypta			
	4F 2017	4F 2016	Breyt.	% breyt.	4F 2017	4F 2016	Breyt.	% breyt.
Farsími	1.065	1.021	44	4%	1.026	1.021	5	0%
Internet	1.093	886	207	23%	1.048	886	162	18%
Fjölmiðlun	1.239	524	715	137%	536	524	12	2%
Fastlína	312	311	1	0%	290	311	-21	-7%
Vörusala	402	527	-125	-24%	402	527	-125	-23%
Aðrar tekjur	193	181	12	7%	190	181	9	5%
Tekjur samstæðu	4.304	3.450	854	25%	3.492	3.450	42	1%

Rekstrarafkoma á 4. ársfjórðungi 2017:

Tekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2017 námu 4.304 m.kr. sem er hækkun um 25% fyrir sama tímabil á milli ára. Tekjur fjórðungsins samanstanda af tveimur mánuðum af starfsemi Fjarskipta hf. eingöngu og einum mánuði af nýrri sameinaðri starfsemi eftir kaupin. Aukning á tekjum í desember vegna nýrrar starfsemi nemur 812 m.kr. Í starfsþáttayfirliti samstæðunnar er að finna nýjan starfsþátt - „fjölmiðlun“ - sem kemur í stað „sjónvarps“. Fjölmiðlun samanstendur af tekjum af starfsemi ljósvakamiðla, áskriftartekjum, auglýsingasölu, dreifingu á sjónvarpsdreifikerfum, myndlyklaleigu, TVOD og SVOD ásamt tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða. Tekjur af fjölmiðlun námu 1.239 m.kr. á fjórða fjórðungi og eykst um 137% á milli ára, hækkunin stafar að mestu leyti af nýju starfsemi. Tekjur af interneti námu 1.093 m.kr. á fjórða ársfjórðungi, sem er hækkun um 23% milli ára, að stærstum hluta vegna rúkkun aðgangsgjalda Gagnaveitu Reykjavíkur. Tekjur af farsíma námu 1.065 m.kr. og jukust um 4% á milli ára, farsími af starfsemi fyrir kaup á rekstri og eignum 365 miðla hf. hækkar lítillega á milli ára. Tekjur af vörusölu námu 402 m.kr. á tímabilinu sem er 24% lækkun miðað við sama ársfjórðung 2016, tekjur af fastlínu námu 312 m.kr. á fjórðungnum og stóðu í stað, aðrar tekjur námu 193 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 7% milli ára.

Kostnaðarverð nam 2.370 m.kr. og jókst um 23% á milli ára, einkum vegna áhrifa af nýrri starfsemi og rúkkun aðgangsgjalda Gagnaveitu Reykjavíkur. Rekstrarkostnaður nam 1.560 m.kr. og þar af nam einskíptiskostnaður vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. 158 m.kr. EBITDA hagnaður tímabilsins nam 803 m.kr. sem er hækkun um 16% eða 109 m.kr. miðað við sama fjórðung árið 2016, EBITDA hlutfall var 18,7% og EBIT hlutfall 8,7%. Ef tekið er tillit til einskíptiskostnaðar hefði EBITDA numið 961 m.kr., EBITDA hlutfall tímabilsins 22,3% og EBIT hlutfall 12,4%. Einskíptiskostnaður hafði mikil áhrif á fjórðunginn og fyrr í tilkynningunni er gott yfirlit yfir afkomu og hlutföll án og með leiðréttingu fyrir skilgreindum einskíptisliðum.

Hrein fjármagnsgjöld námu 109 m.kr. á fjórða ársfjórðungi sem er hækkun um 21% á milli ára. Aukningin liggur fyrst og fremst í hærri vaxtagjöldum vegna fjármögnunar á kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf.


Hagnaður fyrir tekjuskatt á fjórða ársfjórðungi 2017 nam 265 m.kr. sem er 28 m.kr. hækkun frá sama tímabili 2016. Hagnaður ársfjórðungsins eftir skatta nam 356 m.kr., leiðrétt fyrir einkiptiskostnaði er hagnaður fjórðungsins eftir skatta 482 m.kr.

Í töflu 3 að ofan eru sýndar tekjur með og án hins keypta. Aðgreining kostnaðar vegna þeirra eininga sem keyptar voru af 365 miðlum hf. er ekki framkvæmanleg, meðal annars þar sem fjölmargir sameiginlegir birgjar beggja félaga senda ekki aðgreinda reikninga og vegna tilfærslu annarrar starfsemi hins keypta inn í starfsemina sem fyrir var. Því er ekki mögulegt að birta afkomutölur fyrri starfsemi fyrir kaup og hins keypta. Beinn og skilgreindur kostnaður vegna kaupanna nam hins vegar samtals 234 m.kr., 201 m. kr. féll til á árinu 2017 og 33 m.kr. féllu til á árinu 2016.

Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2017:

Handbært fé frá rekstri á fjórða fjórðungi ársins 2017 nam 692 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 6.629 m.kr. þar af 436 m.kr. tengt endurfjárfestingarþörf á tímabilinu sem er lækkun um 12% miðað við sama tímabil 2016.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 5.870 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2017, tekið var nýtt langtímalán 4.661 m.kr. og skammtímalánalína 1.401 m.kr. vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. Afborganir af langtímalánum námu 108 m.kr. Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 317 m.kr.



Rekstrarafkoma ársins 2017:

Tekjur ársins 2017 námu 14.268 m.kr. og jukust um 613 m.kr. eða 4% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nam 7.829 m.kr. og jókst um 497 m.kr. eða um 7%. Framlegð nam 6.439 m.kr. og var framlegðarhlutfallið 45,1% samanborið við 46,3% árið 2016. Rekstrarkostnaður nam 4.889 m.kr. og þar af nam einskiptiskostnaður vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. 201 m.kr. Einskiptiskostnaður sem féll til á árinu 2016 nam 33 m.kr. EBITDA hagnaður félagsins nam 3.137 m.kr., sem er hækkun um 97 m.kr. eða 3% á milli ára. EBITDA hlutfall félagsins var 22,0% til samanburðar við 22,3% árið 2016 og EBIT 10,9%. Ef tekið er tillit til einskiptiskostnaðar hefði EBITDA numið 3.338 m.kr., EBITDA hlutfall tímabilsins 23,4% og EBIT hlutfall 12,3%. Hagnaður ársins 2017 nam 1.086 m.kr. og hækkar um 8% frá fyrra ári, að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar hefði hagnaður ársins 2017 numið 1.247 m.kr.

Efnahagur 31. desember 2017:

Eigið fé í lok tímabilsins var 10.131 m.kr. og eiginfjárlutfall var 39,9%. Félagið seldi á árinu eigin bréf að nafnvirði 85 m.kr. og gaf út nýtt hlutafé að nafnverði 239 m.kr. í tengslum við kaup félagsins á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. Útistandandi hlutafé í árslok nam 2.964 m.kr.


Heildarskuldir samstæðunnar voru 15.245 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 11.033 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 3,5. Einungis einn mánuður af nýrri starfsemi er inn í EBITDA og hefur það því tímabundin áhrif á hlutfallið. Veltufjárlutfall var jafnframt 1,2.

Sjóðstreymi 2017:

Handbært fé frá rekstri árið 2017 nam 2.253 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 7.857 m.kr., þar af eru fjárfestingar tengdar endurfjárfestingarþörf 1.664 m.kr. á tímabilinu sem er hækkun um 8% miðað við sama tímabil 2016. Fjárfesting vegna nýrra höfuðstöðva nam 220 m.kr.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 5.556 m.kr. á árinu 2017, tekið var nýtt langtímalán 4.661 m.kr. og skammtímalánalína 1.401 m.kr. vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. Afborganir af langtímalánum námu 421 m.kr. Handbært fé í lok ársins var 317 m.kr.

Sjóðstreymi 2017 Breytingar á tímabilinu



Horfur fyrir afkomu á næstu misserum



Stjórnendur telja horfur séu á að rekstur geti skilað 4.000 – 4.400 m.kr. EBITDA á árinu en samlegð mun taka að gæta í meira mæli á síðari hluta árs 2018 og komi sterkar fram árið 2019 og að fullu fram 2020 (sjá nánar í afkomukynningu). Gert er ráð fyrir að félagið geti skilað meira en 5.000 m.kr. EBITDA á árinu 2020.

Fjárfestingarhlutfall er áætlað 8-10% á árinu og er ástæðan fyrir bilinu fjárfestingar vegna samþættingar, samanber flutninga á starfsemi á einn stað, samþættingu tölvukerfa o.s.frv. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarhlutfall geti lækkað í um 8% fyrir núverandi rekstur þegar samþætting hefur átt sér að fullu stað.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Huawei og Vodafone á Íslandi settu í febrúar 2017 af stað tilraunaverkefni í svokallaðri NB-IoT tækni, Narrowband Internet of Things, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í tækjanetsbyltingunni á næstu árum.
- Fjarskipti hf., móðurfélag Vodafone á Íslandi, hlaut um miðjan mars viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð. Það er Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem veitir viðurkenninguna.
- Vodafone á Íslandi gerði í maí samning við Samsung, einn stærsta raftækjaframleiðanda í heimi, um kaup á næstu kynslóð myndlykla fyrir Vodafone Sjónvarp. Nýi myndlykillinn mun einfalda lífið fyrir notendur þar sem ein fjarstýring virkar fyrir bæði sjónvarpstæki og myndlykil. Ofur-Háskerpa (UHD) er með fjórum sinnum hærra myndaupplausn en algengustu háskerpuútsendingar (HD).
- Nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins opnuðu við Suðurlandsbraut 8 í byrjun júní ásamt nýrri og glæsilegri verslun á 1. hæð hússins. Hönnun og fyrirkomulag nýju verslunarinnar var unnin í nánu samstarfi við Vodafone Group og sett upp í samræmi við útlit sem fjarskiptafélagið hefur unnið fyrir verslanir sínar á heimsvísu. Verslunin að Suðurlandsbraut er sú þriðja hér á landi sem er sett í þennan búning og er hún ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum.
- Vodafone lagði áfram mikla áherslu á útbreiðslu þegar kemur að 4G kerfi sínu og nær kerfið nú 170 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem er mesta útbreiðsla 4G farsímakerfis á Íslandi en kerfið nær til um 98% landsmanna eftir búsetu.
- Vodafone hlaut á árinu gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi. Jafnlaunaúttekt PwC staðfestir að munur á launum karla og kvenna hjá Vodafone er minni en 3,5% en í tilfelli Vodafone var munurinn raunar vel undir því viðmiði. Vodafone hlaut einnig Hvatningarverðlaun jafnréttismála en markmiðið með þeim er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.
- Í kjölfar undirritunar kaupsamnings Fjarskipta og 365 miðla hf. í mars var Samkeppniseftirlitinu send formleg samrunatilkynning og stöð málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins síðan. Málinu lauk í októberbyrjun með sátt milli Fjarskipta og Samkeppniseftirlitsins. Í sáttinni fólst að Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann með skilyrðum. Þann 1. desember síðastliðinn tóku Fjarskipti hf. við miðlunum sem innifela meðal annars fjölmiðla eins og Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjuna, FM957, Xið, Vísir, fréttadeild og auglýsinga- og áskriftarsölu. Þessar einingar, starfsmenn



þeirra og stjórnendur færðust undir nýtt svið sem ber nafnið Miðlar innan Fjarskipta. Björn Víglundsson var ráðinn framkvæmdastjóri hins nýja sviðs.

- Nýtt og betra Vodafone Sjónvarp var kynnt til sögunnar í nóvember. Uppfærslur voru framkvæmdar í nokkrum áföngum. Með uppfærslunni var komið til móts við óskir og ábendingar sem fram komu í notendaprófunum. Uppfærslan snýr einna helst að endurhönnun útlits og bættu notendaferðalagi viðskiptavina.
- Fjarskipti hf. skrifaði í byrjun febrúar 2018 undir samstarfssamning við Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) og er þar með orðið einn af bakhjörllum sambandsins, sem hafa það sameiginlega markmið að auka áhuga á knattspyrnu, styðja við starfsemi landsliða karla og kvenna og efla grasrótastarf um land allt. Samstarfssamningur Vodafone og KSÍ gildir í tæp þrjú ár en Vodafone annast meðal annars fjarskiptaþjónustu KSÍ og veitir sambandinu tæknilega aðstoð.
- Fyrsta gagnaver Reykjavíkur verður reist á Korputorgi árið 2018 en samningar þess efnis voru undirritaðir á Korputorgi nú í febrúar. Um er að ræða umhverfisvænt hátæknigagnaver í eigu Opinna kerfa, Vodafone, Reiknistofu bankanna og Korputorgs ehf. Reiknað er með að gagnaverið verði eitt það tæknilegasta og öflugasta á landinu. Um að ræða allt að 5 þúsund fermetrar nýbyggingu sem byggð verður í áföngum og mun fyrsti áfangi kosta hátt í milljarð króna. Framkvæmdir hefjast fljótlega og gera áætlanir ráð fyrir því að fyrsti áfangi verði tilbúin snemma árs 2019. Gagnaverið verður aðalvélasalur Reiknistofu bankanna og mun það sinna kröfuhörðum viðskiptavinum félagsins sem leggja ríka áherslu á rekstrar- og gagnaöryggi.

Kynningarfundur 1. mars 2018:

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 1. mars 2018. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum Fjarskipta hf., að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.
- Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.
- Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2018:

✓ Aðalfundur 2018	22. mars 2018
✓ Uppgjör 1F 2018	9. maí 2018
✓ Uppgjör 2F 2018	22. ágúst 2018
✓ Uppgjör 3F 2018	7. nóvember 2018
✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2018	27. febrúar 2019
✓ Aðalfundur 2019	21. mars 2019



Frekari upplýsingar:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, samskiptastjóri Vodafone, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9330.